



## **Fundargerð 100. fundar stjórnar VM**

Fundur haldinn fimmtudaginn 28. janúar 2016 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Gunnar S. Gunnarsson, Gylfi Ingvarsson, Andrés Bjarnason, Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Jón Jóhannsson og Sævar Örn Kristjánsson.

Í gengnum fjarfundabúnað: Guðmundur Sigurvínsson

Fjarverandi: Þorsteinn Hjálmarsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 99
2. Yfirferð yfir verkefni VM og kjaramál
3. Fjárhagsáætlun Orlofsnefndar og hækkun á útleigu orlofshúsa
4. Vinnureglur vegna Fræðslusjóðs VM
5. Starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ
6. Fagháskóli (Skýrsla)
7. Kynningarmál VM og fjölmiðlar
8. Lagt fram til upplýsingar
9. Önnur mál

### **1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 99**

Formaður setti 100. fund stjórnar og fundargerð nr. 99 samþykkt og undirrituð.

### **2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála**

1. Nýr kjarasamningur á almenna markaðnum, í honum eru meðal annars breytingar á mótframlagi í lífeyrissjóð. Verkefni fyrir lífeyrisnefndina að skoða þær breytingar og skoða málþing um lífeyrisréttindi á vormánuðum
2. Kjarasamningar – Allir sérkjarasamningar eru eftir .  
Í ÍSAL er allt á núll punkti og beðið er eftir svörum frá höfuðstöðvunum. Menn eru sammála um að það er eitthvað annað sem hangir á spýtnni hjá þeim en þessi

kjarasamningur.

Kaupskipin að fara í mikla óvissu, verkfallið skellur á á miðnætti 1. febrúar. Fundur er boðaður kl. 13 á morgun.

3. Fundarherferðin milli jóla og nýárs gekk vel, náðum til 72 félagsmanna.
4. Fulltrúi frá SFS kom og átti spjall um hugsanlegt framhald í kjaraviðræðum, stefnt er að því að boða samninganefnd sjómanna til fundar um miðjan febrúar.
5. Undirbúningur fyrir kjararáðstefnuna í október. Verið er að reyna að fá Jens Bundvad til að segja okkur hvernig Danir gerðu þetta og svo Steinar Holden, norska sérfræðinginn.
6. Kjararáðstefna fyrir vélstjóra á fiskiskipum, stefnum á hana í haust.
7. Kjörgögn fara út vegna stjórnarkjörs VM 26. febrúar n.k.
8. Atvinnuleysi félagsmanna VM er ekki mikið Samkvæmt skilagrein frá Vinnuálastofnun í desember 2015 voru 31 aðili frá VM eða um 1% virkra félagsmanna atvinnulausir og hafa fengið greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Í ljósi þess hefur atvinnuleysi farið minnkandi.

### **3. Fjárhagsáætlun Orlofsnefndar og hækkun á útleigu orlofshúsa**

Orlofsnefndin fundaði í gær og fór yfir drög að fjárhagsáætlun og hækkunir á verðskrá orlofshúsa. Formaður fór yfir fjárhagsáætlunina og kynnti tillögur að hækkunum á verðskrá. Orlofsnefnd leggur til 13% hækkun nema á gjaldi til eldri félagsmanna sem gildir á virkum dögum yfir vetrartímann. Rætt var um hundahald og tillaga kom frá orlofsnefnd um að leyfa hundahald í Hraunborgum og var það samþykkt. Að lokum var svo fjárhagsáætlunin samþykkt og einnig var samþykkt að hækka verðskrá orlofshúsa um 13%.

### **4. Vinnureglur vegna Fræðslusjóðs VM**

Formaður kynnti vinnureglur varðandi fræðslusjóðinn. Færst hefur í aukana að hópar frá fyrirtækjum eru að fara erlendis í kynnisferðir og sækja um í fræðslusjóðinn. Nauðsynlegt að vera með skýrar reglur um þetta. Spurning kom um það að þegar verið væri að breyta reglum í fræðslusjóði hvort það væri nóg að fara með það fyrir stjórnarfund eða hvort það þyrfti að fara fyrir aðalfund. Formaður upplýsti að þetta væri ekki breyting á neinu í reglum sjóðsins bara vinnureglur innanhúss. Vinnureglurnar voru samþykktar.

### **5. Starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ**

Starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ var lögð fram á síðasta stjórnarfundum og þá var ákveðið að leggja hana aftur fyrir núna þegar menn væru búnir að kynna sér efnið betur.

## 6. Fagháskóli (Skýrsla)

Umræða um fagháskóla skýtur reglulega upp kollinum. Fyrirtækið Ráðgjöf og verkefnastjórnun hefur unnið skýrslu fyrir ASÍ, SA og SI um framhaldsnám og hvatti formaður stjórnarmenn til að lesa skýrsluna.

## 7. Kynningarmál VM og fjölmiðlar

Formaður lagði fram skýrslu frá fjölmiðlavaktinni „Fjölmiðlaárið 2015“ og þar kemur vel í ljós að það að vera með fjölmiðla- og kynningarfulltrúa á okkar snærum hefur skilað sér. Alls var fjallað um Félag vélstjóra og málmæknimanna í 290 fréttum/greinum janúar desember 2015.

Þar af voru 55 fréttir í sjónvarpi/útvarpi, 65 í prentmiðlum, 157 í netmiðlum og 13 í sérvefum.

## 8. Lagt fram til upplýsingar

- Þakkarbréf frá Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarfi kirkjunnar vegna styrkja fyrir jólin.
- Skýrsla undanþágunefndar.

## 9. Önnur mál

Formaður sagði frá því að hafinn væri vinna við gerð ársskýrslu VM fyrir árið 2015. Upp hefði komið sú hugmynd að vinna skýrsluna eins og alltaf og láta setja hana upp en ekki prenta. Skýrslan yrði bara sett á heimasíðuna og síðan sendur fjölpóstur á félagsmenn með slóð á skýrsluna. Á aðalfundinum yrðu við svo með útprentuð eintök amk. fyrst um sinn. Spurningin væri hvort við ættum að byrja á þessu strax, bíða í 1 ár eða bara halda áfram eins og verið hefur. Umræður voru um þetta og flestir voru á því að þetta væri framtíðin og það þjónaði engum tilgangi að bíða með þetta. Allir var af öllum nema einum að ársskýrslan yrði framvegis gefin út rafrænt.

Fundi slitið kl. 15.00